

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/80****2021/EES/71/22****frá 27. janúar 2021****um að samþykkja ekki koltvísýring sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 27. febrúar 2018 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Dr Knoell Consult GmbH um samþykki fyrir koltvísýringi (E 290) af matvælagæðum sem grunnefni (CAS-nr. 124-38-9). Umsóknin varðaði notkun sem svæliefni að lokinni uppskeru gegn skordýrum og mítlum.
- 2) Koltvísýringur er þegar samþykktur sem virkt efni til notkunar í plöntuverndarvörur frá 1. september 2009⁽²⁾ og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011⁽³⁾.
- 3) Koltvísýringur er sem stendur leyfður og settur á markað sem plöntuverndarvara í nokkrum aðildarríkjum. Lýsingin á auðkenni efnisins í umsókninni um samþykki sem grunnefni er samhljóða lýsingunni á samþykktu virka efninu.
- 4) Þrátt fyrir að í þriðju undirgrein sé kveðið á um að líta skuli á matvæli sem grunnefni útilokar d-liður 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1107/2009 samþykki fyrir koltvísýringi af matvælagæðum þar sem ein af viðmiðunum fyrir því að efni fái leyfi sem grunnefni er að það sé ekki sett á markað sem plöntuverndarvara. Sem stendur er þetta hins vegar staðan að því er varðar koltvísýring af matvælagæðum.
- 5) Þessi reglugerð er með fyrirvara um framlagningu nýrrar umsóknar um samþykki fyrir koltvísýringi sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 þegar núgildandi samþykki fyrir koltvísýringi sem virku efni hefur runnið út og þegar öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda koltvísýring hafa verið afturkölluð eða runnið út.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið koltvísýringur (E 290) er ekki samþykkt sem grunnefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 29, 28.1.2021, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum eignum (Stjttð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
